

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	22.9.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Fulltrúi UST	
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Víðisson	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti varðandi of há gildi á svifögnum í fráveitumælingum, aðskilnað úrgangsflokka og skil á grænu bókhaldi og ársskýrslu.

Gerð var athugasemd við að magntölur vantar á kvittanir v. losunar olúskilju og sandfangs og að bruni í dekkjapressu var ekki tilkynntur eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Neyðar- og viðbragðsáætlun er til staðar í öryggishandbók sem aðgengileg er á kaffistofu rekstraraðila. Vinna við uppfærslu umhverfismarkmiða er í gangi. Allar verklýsingar má finna inni á innra neti fyrirtækisins og eru þær aðgengilegar starfsmönnum þar, sem og starfsleyfið. Þekking starfsfólks á vinnuferlum er góð að sögn rekstraraðila og eru nýjir starfsmenn sendir suður til starfsþjálfunar. Starfsmenn eru reglulega sendir á öryggisnámskeið.

Rekstraraðili gefur út kvittanir v. allrar móttöku úrgangs. Olúskiljur og sandföng eru hreinsuð einu sinni á ári af verktaka. Kvittanir voru til staðar en á þær vantar magntölur og var gerð athugasemd hvað það varðar. Síðasta losun fór fram þann 5. sept 2014. Spilliefnaþró stendur tóm og gólf í spilliefnageymslu þurrt. Þróin er einungis tæmd ef grunur leikur á að spilliefni hafi lekið niður í þróna en engir vökvar eru geymdir í spilliefnageymslu.

Öll spilliefni eru geymd inni í skemmu fyrir utan rafgeyma sem geymdir eru í lokuðum kerum, í gámi á svæðinu. Undirlag er steipt og niðurfall er tengt spilliefnaþró. Rafgeymar stóðu í kórum með lokuðum botni og ekki hætta á leka frá þeim. Lítið var um spilliefni á staðnum. Ílát voru merkt og ísogsefni voru til staðar. Úrgangsolía er tekin reglulega af verktaka.

Daglegar skráningar eru færðar inn í gagnagrunn sem aðgengilegur er á innra neti rekstraraðila.

Gengið var um svæðið og það skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi. Ekki var hægt að greina að fok sé af svæðinu og voru girðingar snyrtilegar bæði innan frá og utan svæðis. Frárennislækur við hlið móttökusvæðis var skoðaður en í hann rennur einungis yfirfallsvatn frá hitaveitu. Vatn frá olúskiljum fer í fráveitu bæjarins. Lækurinn var ósnyrtilegur en í honum mátti greina sementspoka og steypuplötur sem að öllum líkindum hefur fokið frá Steypustöð Akureyrar sem staðsett er á næstu lóð.

Nokkuð hefur áunnist í tiltekt á svæðinu frá því að síðasta eftirlit fór fram í júní. Betri skil má sjá á milli efnisflokka og minna magn virðist vera á svæðinu. Dekkjagámar stóðu á plani ofan svæðis, tilbúnir til flutnings og útskipun er væntanleg á næstu vikum. Ekki er búið að setja upp skilrúm vegna aðgreiningar efnisflokka en byrjað er að steypa steina sem raða á upp í vegg til skilrúms. Gert er ráð fyrir því að því verki ljúki 1. júní 2016. Töluvert magn af áli er á svæðinu, dekkjum og járn, minna magn er af öðrum úrgangi. Timbur er kurlað niður og sent til moltugerðar.

Bruni varð í dekkjapressu í lok september 2014. Kom slökkvilið á staðinn en atvikið var ekki tilkynnt eftirlitsaðila. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila.

Frávik frá

Gr. 5.3 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Í niðurstöðum efnagreininga úr sýni sem greint var þann 8. desember 2014 kemur fram að magn svifagna er yfir mörkum, eða 50 mg/L. Leyfilegt magn skv. starfsleyfi eru 35 mg/L. Nýtt sýni verður tekið þann 29. september.

Gr. 5.4 í starfsleyfi

Rakstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1

fyrir 1. maí ár hvert. Ársskýrslu hefur ekki verið skilað.

Gr. 5.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Drögum að grænu bókhaldi var skilað með tölvupósti þann 15. september sl. en undirritað skjal hefur ekki borist eftirlitsaðila.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Ávalt skal vera hreinn aðskilnaður á milli úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu. Aðskilnaður á milli efnisflokka er ekki nægjanlegur en vinna er hafin við að steypa veggj sem setja á upp á milli efnisflokka. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa fráviks með tölvupósti þann 23. september 2015, þar sem fram kemur að uppsetningu veggjana verði lokið fyrir 1. júní 2016.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að magntölur vantar á kvittanir vegna losunar á olfuskilju og sandfangs. Benda þarf verktaka á að skrá þarf magntölur á kvittanirnar.

Einnig er gerð athugasemd varðandi að ekki var tilkynnt til eftirlitsaðila um bruna sem átti sér stað í dekkjapressu í lok september 2014, en skv. gr. 2.6 skal tilkynna til eftirlitsaðila verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið.


ANNAÐ

Rekstraraðili hefur skipt um kennitölu á fyrirtækinu en nafn þess breytist ekki.

Minnt var á samráðsfund sem halda skal annað hvert ár og skal rekstraraðili boða til hans í tengslum við eftirlit næsta árs.

Rekstraraðili sendir afrit af nýju tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. gr. 2.15 í starfsleyfi, þar sem skipt hefur verið um kennitölu á rekstrinum. Tryggingaupphæð þarf að vera allt að 1 milljón SDR.

Reykjavík, 24.09.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.